

1966

Fimmtudaginn 5. desember 1991.

Nr. 226/1990. **Lífeyrissjóður sjómanna**

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Þrotabúi Hafskips hf.

(Jóhann Nielsson hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Lífeyrissjóðsframlag. Lögveð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 28. maí s.á. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér „utan skuldaraðar 367.300 kr. með 45% ársdráttarvöxtum frá 6. desember 1985 til 28. febrúar 1986, með 33% ársdráttarvöxtum frá 1. mars s.á. til 31. mars 1986, með 27% ársdráttarvöxtum frá 1. apríl 1986 til 28. febrúar 1987, með 30% ársdráttarvöxtum frá 1. mars 1987 til 14. apríl 1987, en með ársdráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, þannig, að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 6. desember 1986, en síðan ár hvert“. Jafnframt krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Öllum starfsmönnum Hafskips hf. var sagt upp störfum 30. nóvember 1985, en skipafélagið var lýst gjaldþrota 6. desember s.á. Af hálfu bústjóra þrotabúsins var ákveðið, að sjómennirnir ynnu fram til 31. desember 1985, og segir í héraðsgreinargerð bústjóranna, að kaupskip þau, sem greinir í málinu, hafi þá enn verið í eigu búsins. Var sjómönnunum tilkynnt, að eftir 31. desember yrði ekki um frekari vinnu að ræða í þágu þess. Í máli þessu sækir áfrýjandi stefnda um 6% mótframlag launagreiðanda til sjóðsins af launum yfirmanna skipanna á uppsagnarfresti. Krafan er sótt sem lögveðskrafa, sbr. 10. gr. laga nr. 49/1974 um lífeyrissjóð sjómanna, og þess krafist, að hún komi til greiðslu utan skuldaraðar. Hefur stefndi greitt mótframlagið fyrir þann tíma, sem sjómennirnir unnu, en neitar greiðslu fyrir tímabilið frá 31. desember 1985 til

6. mars 1986. Ekki er tölulegur ágreiningur um stefnufjárhæðina. Ágreiningur varð með bústjórum og yfirmönnum skipanna vegna launa á þessum tíma, en með dómi Hæstaréttar, H.1988,518, var þrotabúið skyldað til greiðslu þeirra og ráðningarslitin talin fara eftir 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 og 27. gr. sömu laga. Við uppgjör búsin til yfirmannanna voru iðgjöld þeirra greidd ásamt laununum til stéttarfélaga þeirra, sem síðan greiddu iðgjöldin til áfrýjanda. Var þetta gert, þótt í 5. mgr. 10. gr. laga 49/1974 segi, að launagreiðandi skuli halda iðgjöldum sjóðfélaga eftir af launum þeirra og greiða þau ásamt iðgjaldahluta sínum beint til sjóðsins, þ.e. áfrýjanda.

Þegar skip stefnda voru seld í desember 1985, lá fyrir, að af söluverði þeirra varð að greiða ýmsar veðkröfur. Það uppgjör hvíldi á bústjórum þrotabúsins. Fyrir liggur, að yfirmennirnir áttu laun út uppsagnarfrestinn. Þykir sama eiga við um mótframlag atvinnurekanda í Lífeyrissjóð sjómanna. Þessu mótframlagi fylgdi lögveðsréttur í skipunum, og bar því bústjórum að gera það upp við áfrýjanda, þegar ljóst varð af kröfugerð yfirmannanna, hverju það nam. Það leiðir þegar af kröfugerð yfirmannanna, að lögveðsrétturinn er ekki fallinn niður, því að sú kröfugerð kom fram innan kröfulýsingarfrests. Kröfur áfrýjanda eru því teknar til greina. Upphafstíma vaxta er ekki sérstaklega mótmælt, og eru vextir dæmdir eins og í dómsorði greinir.

Samkvæmt þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Stefndi, þrotabú Hafskips, greiði áfrýjanda, Lífeyrissjóði sjómanna, sem lögveðskrófu 367.300 krónur með 45% ársdráttarvöxtum frá 6. desember 1985 til 28. febrúar 1986, með 33% ársdráttarvöxtum frá 1. mars s.á. til 31. mars s.á., með 27% ársdráttarvöxtum frá 1. apríl s.á. til 28. febrúar 1987, með 30% ársdráttarvöxtum frá 1. mars s.á. til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

1968

S é r a t k v æ ð i

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Að mínu álitu ber að staðfesta hinn áfrýjaða skiptaréttarúrskurð.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 21. febrúar 1990.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 13. þessa mánaðar.

Sóknaraðili, Lífeyrissjóður sjómanna, kennit. 460673-0119, Laugavegi 114, Reykjavík, krefst þess, að varnaraðila verði gert að greiða sér utan skuldaraðar 367.300 kr. með 45% ársdráttarvöxtum (3,75% á mánuði) frá 6. desember 1985 til 28. febrúar 1986, með 33% ársdráttarvöxtum (2,75% á mánuði) frá 1. mars 1986 til 31. mars 1986, með 27% ársdráttarvöxtum (2,25% á mánuði) frá 1. apríl 1986 til 28. febrúar 1987, með 30% ársdráttarvöxtum (2,5% á mánuði) frá 1. mars 1987 til 14. apríl 1987, en með ársdráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingu.

Sóknaraðili krefst þess, að dæmt verði, að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 6. desember 1986, en síðan 6. desember ár hvert.

Þá krefst sóknaraðili þess, að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Krefst hann þess, að dæmdur málskostnaður úr hendi varnaraðila skuli bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar í máli þessu og til greiðsludags að viðbættum 12% söluskatti vegna þess málskostnaðar, er til féll fyrir 1. janúar 1990 samkvæmt framlögðum reikningum, en gerir kröfu um greiðslu virðisaukaskatts á málflutningsþóknun, er fellur eftir fyrrgreint tímamark, sbr. lög nr. 50/1988.

Varnaraðili, þrotabú Hafskips hf., Reykjavík, krefst þess, að kröfum sóknaraðila verði algerlega hafnað og að sóknaraðili verði úrskurðaður til þess að greiða varnaraðila málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til að greiða söluskatt á þóknun fyrir lögfræðipjónustu, sem innt var hendi fyrir árslok 1989, og virðisaukaskatt af lögmannspjónustu, sem innt er af hendi eftir 1. janúar 1990. Enn fremur krefst hann þess, að úrskurðað verði, að málskostnaður skuli bera dráttarvexti frá og með 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar í málinu.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

Bú Hafskips hf., Reykjavík, sem á sínum tíma rak umfangsmikla kaupskipaútgerð, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar

Reykjavíkur, upp kveðnum 6. desember 1985. Á skiptafundi í þrotabúi félagsins 29. júní 1989 var tekið til meðferðar frumvarp að úthlutunargerð úr búinu, sem þá hafði legið frammi lögmæltan tíma í skrifstofu skiptaráðanda til athugunar fyrir kröfuhafa og aðra, sem hagsmuna áttu að gæta. Lögmáður sóknaraðila mótmælti frumvarpinu og krafðist þess, að því yrði breytt þannig, að sóknaraðili fengi greidd utan skuldaraðar lífeyrissjóðs-iðgjöld vegna iðgjaldahluta launagreiðanda af uppsagnarlaunum skipstjóra og stýrimanna, sem séu sjóðfélagar í Lífeyrissjóði sjómanna, fyrir tímabilið 1. janúar 1986 til loka uppsagnarfrests þeirra.

Sóknaraðili gerir þá grein fyrir kröfum sínum í málinu, að þegar Hafskip hf. varð gjaldþrota 6. desember 1985, hafi sóknaraðili átt iðgjaldakröfu á félagið vegna sjómanna á skipum félagsins, byggða á skilagreinum starfsmanna félagsins sjálfs til sóknaraðila. Kröfu þessa hafi sóknaraðili fengið greidda utan skuldaraðar, þar sem iðgjöld til Lífeyrissjóðs sjómanna njóti sjóveðsréttar í hlutaðeigandi skipum. Jafnframt kveður sóknaraðili bústjóra þrotabúsins hafa gert upp að fullu iðgjöld vegna skipverja, er störfuðu hjá Hafskipi hf., fyrir tímabilið frá 6. desember 1985 til 31. sama mánaðar. Hins vegar hafi engar greiðslur borist vegna iðgjaldahluta launagreiðanda af uppsagnarlaunum skipstjóra og stýrimanna, sem séu sjóðfélagar í Lífeyrissjóði sjómanna, fyrir tímabilið 1. janúar 1986 til loka uppsagnarfrests þeirra, sem í flestum tilvikum hafi verið til 6. mars 1986. Bústjórar þrotabús Hafskips hf. hafi ekki heldur skilað skilagreinum vegna iðgjalda af uppsagnarlaunum.

Sóknaraðili kveður sér hafa borist 23. maí 1986 fyrir milligöngu Skipstjórafélags Íslands uppgjör frá varnaraðila vegna átta skipstjóra, sem starfað höfðu hjá hinu gjaldþrota félagi. Greiðsla þessi hafi numið 56.231,10 kr., og var þar aðeins um að ræða 4% iðgjaldahluta skipstjóranna sjálfra. Hinn 9. október 1987 hafi sóknaraðila fyrir milligöngu Stýrimannafélags Íslands borist sams konar uppgjör vegna átján stýrimanna, sem starfað höfðu hjá Hafskipi hf., og nam greiðsla með því uppgjóri 57.154,58 kr. Loks hafi sóknaraðila borist fyrir milligöngu Vélstjórafélags Íslands 13. nóvember 1987 hliðstætt uppgjör vegna 31 vélstjóra, sem starfað hefði hjá Hafskipi hf., og var greiðsla með því uppgjóri 131.481 kr. Í engu þessara tilvika hafi sóknaraðila borist 6% mótframlag vinnuveitanda til sjóðsins.

Kröfur sóknaraðila eru á því byggðar, að öll ófyrnd iðgjöld til Lífeyrissjóðs sjómanna njóti lögveðsréttar í hlutaðeigandi skipum. Vísar hann til 3. mgr. 10. gr. laga nr. 49/1974. Af reglum 1. mgr. 108. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 leiði, að ekki hafi þurft að lýsa í þrotabúi Hafskips hf. kröfum vegna lífeyrissjóðsiðgjalda, sem ófyrnt sjóveð hafi verið fyrir við upphaf gjaldþrotaskipta á búi Hafskips hf., og alls ekki vegna iðgjaldakrafna, er

gjaldféllu, þegar skipstjórum og yfirmönnum, er njóti sérstakra uppsagnarlauna, var sagt upp störfum. Ljóst sé af aðgerðum bústjórnar þrotabús Hafskips hf., að hún hafi í upphafi einnig haft þennan skilning á málunum, því að með bréfi, dagsettu 19. febrúar 1986, hafi þrotabú Hafskips hf. greitt Lífeyrissjóði sjómanna lífeyrissjóðsiðgjöld, að fjárhæð 608.900 kr., vegna skipverja, er starfað höfðu hjá Hafskipi hf. tímabilið 6. desember 1985 til 31. sama mánaðar, sem forgangskröfu samkvæmt 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878 úr þrotabúinu sóknaraðili því óskiljanlegt, að bústjórnin vilji nú ekki greiða full lífeyrissjóðsiðgjöld af lög- og samningsbundnum uppsagnarlaunum skipstjóra og yfirmanna, sem störfuðu hjá Hafskipi hf. frá 1. janúar 1986 til loka uppsagnarfrests þeirra, sbr. 43. gr. og 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Sóknaraðili byggir á því, að þrotabú Hafskips hf. hafi tekið við öllum réttindum og skyldum Hafskips hf., m.a. þeirri skyldu launagreiðanda að halda iðgjöldum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði sjómanna eftir af launum þeirra og að greiða þau ásamt iðgjaldahluta launagreiðanda, þ.e. þrotabúsins, beint til Lífeyrissjóðs sjómanna innan tveggja vikna frá útborgun launanna, sbr. 3. mgr. 10. gr. laga nr. 49/1974. Þessari lögboðnu skyldu bústjórnar þrotabúsins hafi kröfulýsingar einstakra skipstjóra og yfirmanna á hendur þrotabúinu í engu breytt, þar sem Lífeyrissjóður sjómanna hafi forræði á innheimtu lífeyrissjóðsiðgjalda til sjóðsins, en ekki einstakir sjóðfélagar eða stéttarfélög þeirra.

Krafa sóknaraðila um dráttarvexti er reist á ákvæðum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sbr. 83. gr. laga nr. 3/1878.

Um málskostnaðarkröfu sína vísar sóknaraðili til 12. kafla laga nr. 85/1936.

Af hálfu varnaraðila er gerð sú grein fyrir málsatvikum, að við upphaf skiptameðferðar á búi Hafskips hf. 6. desember 1985 hafi það legið fyrir, að félagið hafi með bréfum 30. nóvember 1985 sagt öllum starfsmönnum upp störfum, en meðal starfsmanna hafi verið sjómenn á fjórum kaupskipum, sem félagið átti. Bústjórn þrotabús Hafskips hf. hafi ákveðið að efna ráðningarsamninga sjómanna fram til 31. desember 1985, enda hafi umrædd kaupskip þá enn verið í eigu þrotabúsins. Umræddir sjómenn hafi því verið launamenn hjá þrotabúinu til 31. desember 1985, og hafi laun þeirra verið gerð upp, eins og lög standi til, þ.m.t. iðgjöld til lífeyrissjóða.

Skip þrotabúsins hafi verið seld Hf. Eimskipafélagi Íslands með samningi 6. janúar 1986. Þau kaup hafi verið afráðin nokkru fyrr og því verið ákveðið að hafa umrædda sjómenn ekki áfram í þjónustu þrotabúsins frá 1. janúar 1986. Sjómennirnir hafi vegna þessa lýst í þrotabúinu kröfum um bætur, sem jafngiltu launum í uppsagnarfresti, og hafi þær kröfur borist

fyrir lok kröfulýsingarfrests í búíð, en hann rann út 15. maí 1986. Hvorki sjómennirnir né sóknaraðili máls þessa hafi lýst kröfum um bætur, sem jafngiltu framlagi vinnuveitanda í lífeyrissjóð, þ.e. 6%. Sóknaraðili hafi þó lýst kröfum í búíð vegna iðgjaldaskuldar, sem stofnast hafði fyrir töku bús félagsins til gjaldþrotaskipta, bæði vegna iðgjaldahluta sjómanna og mótfamlags vinnuveitanda.

Varnaraðili telur ekki vera um tölulegan ágreining að ræða um kröfu sóknaraðila, heldur varði ágreiningur þeirra aðeins það álitaefni, hvort greiða beri sóknaraðila hin umkröfðu iðgjöld utan skuldaraðar eða ekki.

Varnaraðili heldur því fram, að reglur sjómannalaga um rétt sjómanna til launa og bóta út tiltekinn uppsagnarfrest, sbr. 25. gr. og 45. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 35/1985, veiti sjómönnum rétt til bóta, sem jafngildi launum í uppsagnarfresti. Bætur þessar séu svonefndar meðalhófsbætur, og þurfi sjómenn aðrir en skipstjórar ekki að sæta frádrætti vegna innunninna launa annars staðar frá á umræddu tímabili. Hvergi sé í þessum lögum né öðrum lögum getið um, að réttur til bóta, sem jafngildi framlagi vinnuveitanda í lífeyrissjóð, stofnist á þessum tíma, hvorki til handa sjómanni né lífeyrissjóði. Sú krafa, sem sóknaraðili hafi nú uppi, hafi því aldrei stofnast.

Varnaraðili mótmælir þeirri málsástæðu sóknaraðila, að lögveð hafi stofnast í skipum félagsins, enda hafi öll skip, sem félagið átti og komust í eigu þrotabús þess, verið seld á þeim tíma, sem kröfur sóknaraðila eigi að hafa stofnast. Sóknaraðili hafi heldur enga tilraun gert til að sýna fram á, hvernig krafa hans eigi að hafa fallið á einstök skip sem lögveðskrafa.

Varnaraðili reisir enn fremur kröfu sína í málinu á því, að komist rétturinn að því, að sóknaraðili hafi átt réttmæta kröfu, sem lögveðsréttar hafi notið í umræddum skipum, þá sé sá réttur fyrir löngu niður fallinn fyrir fyrningu. Vísar varnaraðili í því sambandi til 201. gr. siglingalaga nr. 34/1985, sem hann telur eiga hér við. Geti sóknaraðili nú, 3½ ári eftir stofnun krafanna, engar kröfur reist á þeim lögveðsrétti, sem upphaflega kunní að hafa fylgt kröfum hans.

Varnaraðili telur einnig, að sóknaraðili hafi vegna tómlætis glatað rétti til að hafa uppi kröfur þessar gagnvart búinu, þar sem hann hafi ekki lýst þeim í búíð fyrir lok kröfulýsingarfrests. Honum hafi verið kunnugt um kröfugrundvöllinn fyrir a.m.k. 3½ ári og getað gert reka að því að tryggja hagsmuni sína með kröfulýsingu. Slíkt hafi átt að vera honum auðvelt, jafnvel þó að honum hafi ekki verið orðin endanleg fjárhæð kröfunnar kunn á þeim tíma. Þar sem sóknaraðila hafi borið að lýsa hinni meintu kröfu sinni í búíð, en hann ekki gert það, geti hann ekki fengið fullnustu hennar af eignum búsins.

Krafa varnaraðila um málskostnað er studd við 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 135. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, og krafa hans um vexti

á málskostnað byggist á 2. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936 og 135. gr. gjaldprotalaga.

Krafa sóknaraðila í máli þessu er eingöngu reist á því, að hann hafi átt rétt til greiðslu utan skuldaráðar, þar sem um sé að ræða kröfur, sem sjóveðsréttur í „hlutaðeigandi skipum“ fylgi.

Svo sem að framan var greint, snýst ágreiningur í máli þessu um mótframlag vinnuveitanda til sóknaraðila vegna krafna, sem lýst hafði verið í þrotabú Hafskips hf. vegna tiltekinna sjómanna, sem voru félagsmenn í Lífeyrissjóði sjómanna, og höfðu kröfur þessar fengist greiddar af eignum búans. Stéttarfélög viðkomandi launþega höfðu annast lýsingu krafnanna í búið fyrir þeirra hönd, og önnuðust þau uppgjör umræddra iðgjalda til sóknaraðila án afskipta fyrirvarsmanna þrotabúsins. Þær greiðslur bárust sóknaraðila í þrennu lagi, þ.e. 23. maí 1986, 9. október 1987 og 13. nóvember 1987.

Ljóst þykir, að í síðasta lagi við móttöku þessara greiðslna hafi sóknaraðili fengið vitneskju um tilvist þessara krafna og uppgjör þeirra við viðkomandi launþega. Hann gerði þó ekki reka að öflun viðurkenningar á sjóveðsréttindum vegna mótframlags vinnuveitanda út af þessum greiðslum fyrr en á skiptafundi í þrotabú Hafskips hf. 29. júní 1989, er frumvarp til úthlutunargerðar úr búinu var tekið til meðferðar. Var þá liðið meira en eitt ár, frá því að sóknaraðili hafði fengið vitneskju um þau atvik, er hann reisir kröfur sínar í málinu á, og ætlaður sjóveðsréttur vegna krafna hans því fyrndur samkvæmt 201. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Verður þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu sóknaraðila í málinu.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðila með vísan til 177. gr. laga nr. 85/1936 gert að greiða varnaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 90.000 kr. að meðtöldum söluskatti og virðisaukaskatti. Skal málskostnaðarfjárhæðin bera dráttarvexti samkvæmt 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar þessa til greiðsludags.

Ragnar Halldór Hall borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila, Lífeyrissjóðs sjómanna, í máli þessu er hafnað. Sóknaraðili greiði varnaraðila, þrotabú Hafskips hf., 90.000 kr. í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.